**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/254** **2017/EES/74/08**

**frá 30. nóvember 2016**

**um breytingu á framseldu reglugerðunum (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012, (ESB) nr. 874/2012, (ESB) nr. 665/2013, (ESB) nr. 811/2013, (ESB) nr. 812/2013, (ESB) nr. 65/2014, (ESB) nr. 1254/2014, (ESB) 2015/1094, (ESB) 2015/1186 og (ESB) 2015/1187 að því er varðar beitingu vikmarka í sannprófunaraðferðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Reynslan sem fengist hefur af framkvæmd framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar, sem voru samþykktar á grundvelli tilskipunar 2010/30/ESB, hefur leitt í ljós að vikmörk sannprófana, sem mælt er fyrir um í framseldu reglugerðunum og eru aðeins ætluð til notkunar af markaðseftirlitsyfirvöldum, hafa verið notuð af sumum birgjum til að ákvarða gildin, sem gefa á upp í tæknigögnum, eða til að túlka þau, með það fyrir augum að ná fram betri flokkun orkumerkingar eða til að gefa til kynna, með öðrum leiðum, betri frammistöðu vara sinna.

2) Vikmörk sannprófana eru hönnuð til að gera ráð fyrir frávikum sem koma fram í mælingum við sannprófanir og eru vegna mismunar í mælibúnaði sem birgjar og eftirlitsyfirvöld nota í Sambandinu. Birgjar ættu ekki að nota vikmörk sannprófana til að ákvarða gildi í tæknigögnum eða til að túlka þau, með það að markmiði að ná fram betri flokkun orkumerkingar eða til að gefa til kynna betri frammistöðu en hefur verið mæld og reiknuð út í raun. Mæliþættir, sem birgir gefur upp eða birtir, ættu ekki að vera hagstæðari birginum en gildin sem er að finna í tæknigögnunum.

3) Til að tryggja sanngjarna samkeppni, til að gera orkusparnaðinn, sem reglugerðirnar voru hannaðar til að ná fram, að veruleika og til að veita neytendum nákvæmar upplýsingar um orkunýtni og virkni vara, ætti að koma fram, með skýrum hætti, að vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í framseldu gerðunum, eru aðeins til notkunar af hálfu yfirvalda aðildarríkis í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að tilskildum ákvæðum.

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 15.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2017 frá 27. október 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

4) Því ætti að breyta framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 ([1]), (ESB) nr. 1060/2010 ([2]), (ESB) nr. 1061/2010 ([3]), (ESB) nr. 1062/2010 ([4]), (ESB) nr. 626/2011 ([5]), (ESB) nr. 392/2012 ([6]), (ESB) nr. 874/2012 ([7]), (ESB) nr. 665/2013 ([8]), (ESB) nr. 811/2013 ([9]), (ESB) nr. 812/2013 ([10]), (ESB) nr. 65/2014 ([11]), (ESB) nr. 1254/2014 ([12]), (ESB) 2015/1094 ([13]), (ESB) 2015/1186 ([14]) og (ESB) 2015/1187 ([15]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010**

Ákvæðum V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1059/2010 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*2. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1060/2010**

Ákvæðum VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1060/2010 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

---

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæðna (Stjtíð. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 frá 1. mars 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 1).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar rafmagnsljósapera og lampa (Stjtíð. ESB L 258, 26.9.2012, bls. 1).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar hitara fyrir rými, sambyggðra hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83).

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakaraofna og gufugleypa til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1).

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27).

([13]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1094 frá 5. maí 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kæli- eða frystiskápa sem notaðir eru í atvinnuskyni (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2015, bls. 2).

([14]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1186 frá 24. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar staðbundinna rýmishitara (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 20).

([15]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1187 frá 27. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og pakka með kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 43).

*3. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010**

Ákvæðum V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*4. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2010**

Ákvæðum VII. og VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2010 er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*5. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011**

Ákvæðum VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*6. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012**

Ákvæðum V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 392/2012 er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*7. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012**

Ákvæðum V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 874/2012 er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*8. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 665/2013**

Ákvæðum VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 665/2013 er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*9. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 811/2013**

Ákvæðum VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 811/2013 er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*10. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 812/2013**

Ákvæðum IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 812/2013 er breytt í samræmi við X. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*11. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 65/2014**

Ákvæðum VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 65/2014 er breytt í samræmi við XI. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*12. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014**

Ákvæðum IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er breytt í samræmi við XII. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*13. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/1094**

Ákvæðum X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/1094 er breytt í samræmi við XIII. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*14. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/1186**

Ákvæðum IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/1186 er breytt í samræmi við XIV. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*15. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/1187**

Ákvæðum X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/1187 er breytt í samræmi við XV. viðauka við þessa framseldu reglugerð.

*16. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Breytingar á V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1059/2010**

Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

*„V. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu tafarlaust gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum, þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Árleg orkunotkun ($AE_C$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $AE_C$ en sem nemur 10%. |
| Vatnsnotkun ($W_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $W_t$ en sem nemur 10%. |
| Þurrkunarafkastastuðull ($I_D$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið $I_D$ en sem nemur 19%. |
| Orkunotkun ($E_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $E_t$ en sem nemur 10%. Ef velja þarf þrjár viðbótareiningar skal meðaltal ákvörðuðu gildanna fyrir þessar þrjár einingar ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $E_t$. en sem nemur 6%. |
| Tímalengd kerfis ($T_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_t$ en sem nemur 10%. |
| Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun ($P_o$ og $P_l$) | Ákvarðað gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem er yfir 1,0 W, skal ekki vera hærra en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 10%. Ákvarðað gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem er jafnt og eða lægra en 1,0 W, skal ekki vera hærra en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 0,10 W. |
| Tímalengd í reiðuham eftir notkun ($T_l$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_l$ en sem nemur 10%. |
| Hávaðamengun sem berst í lofti | Ákvarðað gildi skal samsvara yfirlýsta gildinu.“ |

*II. VIÐAUKI*

**Breytingar á VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1060/2010**

Í stað VII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og á vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir kælitækja til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir kælitækja til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VI. og VIII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Brúttórúmmál | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 3% eða 1 lítra, hvort heldur er hærra gildið. |
| Rúmmál geymslutanks | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 3% eða 1 lítra, hvort heldur er hærra gildið. Ef notandi getur stillt hlutfallslega rúmmál búrhólfsins og kælihólfsins skal mæla rúmmálið þegar búrhólfið er stillt á minnsta rúmmál. |
| Frystigeta | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Orkunotkun | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið ($E_{24h}$) en sem nemur 10%. |
| Rakastig í vínkælum | Ákvarðað gildi fyrir rakastig sem kemur fram við prófun skal ekki fara meira en 10% yfir það bil sem er gefið upp í hvaða átt sem er. |
| Hávaðamengun sem berst í lofti | Ákvarðað gildi skal samsvara yfirlýsta gildinu.“ |

*III. VIÐAUKI*

**Breytingar á V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1061/2010**

Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

*„V. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar, sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir þvottavéla til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir þvottavéla til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum, þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Árleg orkunotkun ($AE_C$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $AE_C$ en sem nemur 10%. |
| Orkunotkun ($E_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $E_t$ en sem nemur 10%. Ef velja þarf þrjár viðbótareiningar skal meðaltal ákvörðuðu gildanna fyrir þessar þrjár einingar ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $E_t$ en sem nemur 6%. |
| Tímalengd kerfis ($T_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_t$ en sem nemur 10%. |
| Vatnsnotkun ($W_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $W_t$ en sem nemur 10%. |
| Rakainnihald sem eftir er ($D$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $D$ en sem nemur 10%. |
| Snúningshraði | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun ($P_o$ og $P_l$) | Ákvörðuð gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem eru yfir 1,0 W, skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 10%. Ákvörðuð gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem eru jöfn og eða lægri en 1,0 W, skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 0,10 W. |
| Tímalengd reiðuhams eftir notkun ($T_l$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_l$ en sem nemur 10%. |
| Hávaðamengun sem berst í lofti | Ákvarðað gildi skal samsvara yfirlýsta gildinu.“ |

*IV. VIÐAUKI*

**Breytingar á VII. og VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2010**

1) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæði iv. liðar a-liðar í 2. hluta falli brott.

   b) Ákvæði 3. hluta falli brott.

   c) Í 4. hluta komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar:

      „4. **Mælingar á hlutfalli hámarksljóma sem um getur í töflu 2 í VIII. viðauka**“.

2) Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VIII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 2.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 2.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 2, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 2*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Aflþörf þegar kveikt er á tæki | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 7%. |
| Aflþörf í reiðuham/þegar slökkt er á tæki | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W. |
| Hlutfall hámarksljóma | Ákvarðað gildi skal ekki vera undir 60% af hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því.“ |

*V. VIÐAUKI*

**Breytingar á VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 626/2011**

Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VIII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldrar reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Árstíðabundið orkunýtnihlutfall (SEER) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%. |
| Árstíðabundinn nýtnistuðull (SCOP) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%. |
| Aflþörf þegar slökkt er á búnaði | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Aflþörf í reiðuham | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Orkunýtnihlutfall ($EER_{rated}$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Nýtnistuðull ($COP_{rated}$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Hljóðaflsstig | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2 dB (A).“ |

*VI. VIÐAUKI*

**Breytingar á V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 392/2012**

Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

*„V. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir þurrkara til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir þurrkara til heimilisnota, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkjanna skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum, þar sem tillit er tekið til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Vegin árleg orkunotkun ($AE_C$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $AE_C$ en sem nemur 6%. |
| Vegin orkunotkun ($E_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $E_t$ en sem nemur 6%. |
| Vegin þéttingarafköst ($C_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið $C_t$ en sem nemur 6%. |
| Vegin tímalengd kerfis ($T_t$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_t$ en sem nemur 6%. |
| Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun ($P_o$ og $P_l$) | Ákvörðuð gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem eru yfir 1,0 W, skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 6%. Ákvarðað gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$, sem er jafnt og eða lægra en 1,0 W, skal ekki vera hærra en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 0,10 W. |
| Tímalengd reiðuhams eftir notkun ($T_l$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $T_l$ en sem nemur 6%. |
| Hljóðaflsstig, $L_{WA}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $L_{WA}$.“ |

*VII. VIÐAUKI*

**Breytingar á V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 874/2012**

Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

*„V. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1. SANNPRÓFUNARAÐFERÐ FYRIR RAFMAGNSLJÓSAPERUR OG LJÓSDÍÓÐUEININGAR MARKAÐSSETTAR SEM STAKAR VÖRUR

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa sýni a.m.k. 20 ljósapera af sömu tegund, frá sama birgi, sem hafa verið fengnar, ef mögulegt er, í jöfnum hlutföllum frá fjórum aðilum sem valdir voru af handahófi.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) við prófun á einingum tegundarinnar sé meðaltal ákvörðuðu gildanna (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem reiknuð eru út frá þessum mælingum) innan viðkomandi vikmarka sem nema 10%.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. liðar, fást ekki skal tegundin ekki teljast uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum, sem endurspegla almennt viðurkenndar mæliaðferðir sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita 10% vikmörkum við sannprófun og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst í er í 1.–4. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

2. SANNPRÓFUNARAÐFERÐ FYRIR LAMPA SEM ÆTLUNIN ER AÐ MARKAÐSSETJA EÐA ERU MARKAÐSSETTIR FYRIR ENDANLEGA NOTENDUR

Lampinn telst uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ef honum fylgja tilskildar vöruupplýsingar, ef fullyrt er að hann sé samhæfður öllum orkunýtniflokkum ljósapera, sem hann er samhæfður við, og ef hann telst vera samhæfður orkunýtniflokkum ljósapera, þegar nýjustu og fullkomnustu aðferðum og viðmiðunum við mat á samhæfi er beitt, sem fullyrt er að hann sé samhæfður við, samkvæmt a- og b-lið IV. liðar 2. liðar í 2. hluta I. viðauka.“

______

*VIII. VIÐAUKI*

**Breytingar á VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 665/2013**

Í stað VII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 4.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir ryksugna, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum ryksugna sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 4.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir ryksugna, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VI. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 4, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 4*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Árleg orkunotkun | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. |
| Rykupptaka á teppi | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,03. |
| Rykupptaka á hörðu gólfefni | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,03. |
| Ryklosun | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 15%. |
| Hljóðaflsstig | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið.“ |

*IX. VIÐAUKI*

**Breytingar á VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 811/2013**

Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VIII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 16.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldrar reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 16.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 16, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 16*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Orkunýtni rýmishitunar, $\eta_s$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%. |
| Orkunýtni vatnshitunar, $\eta_{wh}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%. |
| Hljóðaflsstig | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2 dB (A). |
| Flokkur hitastýringar | Flokkur hitastýringar er í samræmi við uppgefinn flokk einingarinnar. |
| Orkunýtni sólargleypis, $\eta_{col}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Fast tap, $S$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Aukaraforkunotkun, $Q_{aux}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%.“ |

*X. VIÐAUKI*

**Breytingar á IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 812/2013**

Í stað IX. viðauka komi eftirfarandi:

*„IX. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 9.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn, búnaðar sem nýtir sólarorku eða pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku, ekki uppfylla kröfurnar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 9.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn, búnaðar sem nýtir sólarorku eða pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VII. og VIII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 9, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 9*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Dagleg raforkunotkun, $Q_{elec}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Hljóðaflsstig, $L_{WA}$, inni og/eða úti | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2 dB. |
| Dagleg eldsneytisnotkun, $Q_{fuel}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Vikuleg eldsneytisnotkun með snjallstýringu, $Q_{fuel,week,smart}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Vikuleg raforkunotkun með snjallstýringu, $Q_{elec,week,smart}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Vikuleg eldsneytisnotkun án snjallstýringar, $Q_{fuel,week}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Vikuleg raforkunotkun án snjallstýringar, $Q_{elec,week}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Rúmmál, $V$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2%. |
| Ljósopsflatarmál sólargleypis, $A_{sol}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 2%. |
| Aflþörf dælu, *solpump* | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 3%. |
| Aflþörf í reiðuham, *solstandby* | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%. |
| Fast tap, $S$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 5%.“ |

*XI. VIÐAUKI*

**Breytingar á VIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 65/2014**

Í stað VIII. viðauka komi eftirfarandi:

*„VIII. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 6.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 6.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 6, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 6*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Massi bakarofns, $M$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $M$ en sem nemur 5%. |
| Rúmmál hólfs í bakarofni, $V$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið $V$ en sem nemur 5%. |
| $EC_{electric\ cavity}$, $EC_{gas\ cavity}$ | Ákvörðuð gildi skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $EC_{electric\ cavity}$ og $EC_{gas\ cavity}$ en sem nemur 5%. |
| $W_{BEP}$, $W_L$ | Ákvörðuð gildi skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $W_{BEP}$ og $W_L$ en sem nemur 5%. |
| $Q_{BEP}$, $P_{BEP}$ | Ákvörðuð gildi skulu ekki vera lægri en yfirlýstu gildin $Q_{BEP}$ og $P_{BEP}$ en sem nemur 5%. |
| $Q_{max}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $Q_{max}$ en sem nemur 8%. |
| $E_{middle}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið $E_{middle}$ en sem nemur 5%. |
| $GFE_{hood}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið $GFE_{hood}$ en sem nemur 5%. |
| $P_o$, $P_s$ | Ákvörðuð gildi aflþarfar $P_o$ og $P_s$ skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_s$ en sem nemur 10%. Ákvörðuð gildi aflþarfar $P_o$ og $P_l$ , sem eru jöfn og eða lægri en 1,0 W, skulu ekki vera hærri en yfirlýstu gildin $P_o$ og $P_l$ en sem nemur 0,10 W. |
| Hljóðaflsstig, $L_{WA}$ | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $L_{WA}$.“ |

*XII. VIÐAUKI*

**Breytingar á IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1254/2014**

Í stað IX. viðauka komi eftirfarandi:

*„IX. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 1.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið, fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri sambærilegum tegundum.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 1.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 1, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 1*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| SPI | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en 1,07 sinnum yfirlýst gildi. |
| Varmanýtni loftræstieiningar fyrir íbúðarhúsnæði | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en 0,93 sinnum yfirlýst gildi. |
| Hljóðaflsstig | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið, að viðbættum 2 dB.“ |

*XIII. VIÐAUKI*

**Breytingar á X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 2015/1094**

Í stað X. viðauka komi eftirfarandi:

*„X. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 4.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allir sambærilegir kæli- eða frystiskápar, sem notaðir eru í atvinnuskyni og skráðir í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnunum.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 4.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allir sambærilegir kæli- eða frystiskápar, sem notaður eru í atvinnuskyni og skráðir í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. og IX. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 4, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 4*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþættir | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Nettórúmmál | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 3%. |
| Orkunotkun ($E_{24h}$) | Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%.“ |

*XIV. VIÐAUKI*

**Breytingar á IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/1186**

Í stað IX. viðauka komi eftirfarandi:

*„IX. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 6. Einingin skal prófuð með eldsneyti sem hefur svipaða eiginleika og eldsneytið sem birgirinn notaði til að framkvæma mælingarnar sem lýst er í VIII. viðauka.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sem eru tilgreind í töflu 6.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 6, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 6*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþáttur | Vikmörk við sannprófun |
|---|---|
| Orkunýtnistuðull | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 8%.“ |

*XV. VIÐAUKI*

**Breytingar á X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/1187**

Í stað X. viðauka komi eftirfarandi:

*„X. VIÐAUKI*

**Sannprófun markaðseftirlitsyfirvalda á því að vara uppfylli kröfur**

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal birgirinn ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum. Gildin og flokkarnir á merkimiðanum eða vöruupplýsingablaðinu skulu ekki vera hagstæðari fyrir birginn en tilkynnt gildi í tæknigögnunum.

Við sannprófun á því hvort tegund vöru uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, skulu yfirvöld aðildarríkjanna, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka, beita eftirfarandi aðferð:

1) Yfirvöld aðildarríkis skulu sannprófa staka einingu af tegundinni.

2) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur, að því tilskildu að:

   a) gildin, sem gefin eru upp í tæknigögnunum samkvæmt b-lið 5. gr. tilskipunar 2010/30/ESB (yfirlýst gildi), og, eftir atvikum, gildin, sem notuð eru til að reikna út þessi gildi, séu ekki hagstæðari fyrir birginn en samsvarandi gildi í prófunarskýrslunum, skv. iii. lið framangreindrar greinar, og

   b) gildin á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu séu ekki hagstæðari fyrir birginn en yfirlýstu gildin og að tilgreindur orkunýtniflokkur sé ekki hagstæðari fyrir birginn en flokkurinn, sem ákvarðast af yfirlýstu gildunum, og

   c) þegar yfirvöld aðildarríkis prófa einingu af tegundinni, uppfylli ákvörðuð gildi (gildi viðeigandi mæliþátta, eins og þau mælast við prófanir, og gildin sem eru reiknuð út frá þessum mælingum) viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 5. Einingin skal prófuð með eldsneyti sem hefur svipaða eiginleika og eldsneytið sem birgirinn notaði til að framkvæma mælingar í samræmi við VIII. viðauka.

3) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a- eða b-lið 2. liðar, fást ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

4) Ef niðurstöðurnar, sem um getur í c-lið 2. liðar, fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti mega þessar þrjár viðbótareiningar vera af einni eða fleiri mismunandi tegundum sem hafa verið skráðar sem sambærilegar tegundir í tæknigögnum birgis.

5) Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef meðaltal þessara ákvörðuðu gilda fyrir einingarnar þrjár uppfyllir viðkomandi vikmörk sannprófana sem eru tilgreind í töflu 5.

6) Ef niðurstaðan, sem um getur í 5. lið, fæst ekki telst tegundin og allar tegundir, sem eru skráðar í tæknigögnum birgis sem sambærilegar tegundir, ekki uppfylla ákvæði þessarar framseldu reglugerðar.

7) Yfirvöld aðildarríkis skulu gefa yfirvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar, án tafar, eftir að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæði 3. og 6. liðar liggur fyrir.

Yfirvöld aðildarríkis skulu nota mæli- og reikningsaðferðirnar sem settar eru fram í VIII. og IX. viðauka.

Yfirvöld aðildarríkis skulu eingöngu beita vikmörkum sannprófana, sem sett eru fram í töflu 5, og eingöngu beita aðferðinni, sem lýst er í 1.–7. lið, að því er varðar kröfurnar sem um getur í þessum viðauka. Öðrum vikmörkum, á borð við þau sem eru sett fram í samhæfðum stöðlum eða einhverri annarri mæliaðferð, skal ekki beitt.

*Tafla 5*

**Vikmörk við sannprófun**

| Mæliþáttur | Vikmörk við sannprófun |
| --- | --- |
| Orkunýtnistuðull | Ákvarðað gildi skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið en sem nemur 6%.“ |